

Fundargerð

308. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 24. júní 2021 kl. 8³⁰ – 10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Sigurgeir Bárðarson (SB) SFS
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með breytingu sem lögð var til á fundinum, án áritunar.

Stjórn samþykkir að taka fyrir dagskrárlið nr. 6, önnur mál.

2. Rekstraáætlun

ÓK fór yfir vinnu við rekstraráætlun. Úrvinnslusjóður þarf að skila tillögum um breytingar á úrvinnslugjöldum fyrir sumarfrí.

Lagðar voru fram á fundinum upplýsingar um rekstur einstakra vöruflokka og áætlun fyrir árin 2019 – 2023 og forsendur áætlunar. Stjórn fór yfir rekstraráætlun, stöðu vöruflokka og tillögur um breytingar á úrvinnslugjaldi sem lagðar voru fram á fundinum. Rætt var um að breyta tilhögun við greiðslu úrvinnslugjalds á rafhlöðum í tækjum.

Umræðu frestað.

Farið í dagskrárlið nr. 5 Flutningsjöfnun.

3. Veifarfasamningur

Lögð voru fyrir fundinn drög að samningi um veiðarfæri. Sigurgeir Bárðarson (SB) mætti á fundinn. LHG sagði frá ábendingum við samningsdrögin sem hafi borist frá UAR. HH sagði frá því að SFS hafi brugðist við þeim athugasemdum sem koma fram í nýjum drögum. HH fór yfir fund Hafnarsambandsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem hún hafði kynnt samningsdrögin. Þar var farið yfir að móttökustöðvar verða starfræktar í öllum landshlutum af SFS í samvinnu við veiðafæragerðir. HH fór yfir að það sé ætlun samtakanna að tryggja að alltaf verði til staðar móttökuaðili í öllum landshlutum. BHG og EM ávörpuðu áhyggjur sveitarfélaga á

hugsanlegum kostnaði við meðhöndlun á „munaðarlausum“ veiðarfærum, þ.e. hver muni bera kostnaðinn. Stjórn ræddi samningsdrögin.

EM yfirgefur fund kl. 10:10.

Stjórn samþykkir að HH, BHG, LHG og ÓK fari yfir þetta mál á milli stjórnarfunda.

Samningsdrögin verði síðan til umfjöllunar á stjórnarfundi 1. júlí nk.

Lagt var fram á fundinum erindi frá Landvernd um að þau vænti þess að drögin verði sent samtökunum og Neytendasamtökunum til umsagnar.

Umræðu frestað.

4. Ráðstöfun úrgangs

Ný samþykkt lög um hringrásarhagkerfið.

Frestað.

5. Flutningsjöfnun.

Farið var yfir að Mannvit verkfræðistofa er að ljúka við endurskoðun á reiknireglu fyrir flutningskostnað. Lagt er til að fá ráðgjafa til að fara yfir flutningsjöfnunarkerfið út frá markmiðum þess um að tryggja söfnun úrgangs alls staðar á landinu og staðsetningu núllpunkta vöruflokka.

Stjórn samþykkir að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að fara yfir flutningsjöfnunarkerfi vöruflokka Úrvinnslusjóðs.

Farið í dagskrárlið nr. 3 Veiðarfærasamningur.

6. Önnur mál

Rætt um starfsreglur stjórnar.

Farið í dagskrárlið nr. 2.

Næsti fundur 1. júlí 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:30